

Fundargerð

174. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn miðvikudaginn 24. júní 2015, kl. 13.30 að Furuvöllum 1, Akureyri.

Dagskrá:

1. **Fundargerð síðasta fundar borin upp, samþykkt og undirrituð.**
2. **Niðurstöður úr sjósýnatökum við Akureyri, kynning.**

Kynntar voru niðurstöður sjósýna sem heilbrigðisfulltrúar og starfsmenn Norðurorku hafa tekið undanfarið við athafnasvæði Siglingaklúbbsins Nökkva og meðfram strandlengju Akureyrarbæjar. Alvarlegt frávik kom fram í sýni sem var tekið þann 8. júní s.l. hjá Nökkva og Norðurorka hefur málið til skoðunar og er m.a. verið að leita uppi rangtengingar á milli skólp- og regnvatnskerfis í Nausta- og Teigahverfi og einnig kemur til greina að lengja regnvatnslögn sem opnast á athafnasvæði Nökkva.

3. **Svar Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála við endurupptökubeiðni heilbrigðisnefndar á máli nr. 96/2013.**

Kynnt var svar Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 28. maí s.l. og þar skýrir úrskurðarnefnd nánar niðurstöðu sína í máli nr. 96/2013 og vísar til þágildandi orðalags reglugerðar 785/1999 um að með umsóknum um starfsleyfi skuli fylgja gögn šeins og við á hverju sinni og að ekki skuli gera fortakslausa kröfu um að deiliskipulag liggja fyrir þegar umsóknir um starfsleyfi eru teknar til afgreiðslu og bendir jafnframt á að þessu reglugerðar-ákvæði hefur verið breytt þannig að núverandi hljóðan ákvæðisins tilgreinir šafrit af gildandi deiliskipulagi eða gildandi aðalskipulag sé deiliskipulag ekki til staðar. Beiðni heilbrigðisnefndar um endurupptöku eða afturköllun úrskurðar er hafnað. Heilbrigðisnefnd hefur upplýst eggjabú á starfssvæði heilbrigðisnefndar um mikilvægi þess að þau sæki um starfsleyfi til heilbrigðisnefndar í samræmi við reglugerð 785/1999 með síðari breytingum.

4. **Erindi Pacta lögmannsstofu til formanns heilbrigðisnefndar dags. 3. júní um málefni Jónasar Halldórs Jónassonar, Guðbjargar Lárusdóttur, Jónasar Halldórssonar og Anný Petru Larsdóttur gagnvart eggjabúi sem er rekið í Sveinbjarnargerði í Svalbarðsstrandarhreppi.**

Alfred Schiöth framkvæmdastjóri lýsti yfir vanhæfi til að fjalla um málefni Sveinbjarnargerðis undir lið 4, 5 og 50 og yfirlit fundinn og var ekki viðstaddur við afgreiðslu þessara dagskrárliða.

Bókun Hafsteins H. Gunnarssonar vegna vanhæfis framkvæmdastjóra:

šUndirritaður mótmælir ákvörðun formanns og framkvæmdastjóra um vanhæfi þess síðarnefnda í umfjöllun heilbrigðisnefndar um málefni Sveinbjarnargerðis. Undirritaður telur að framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra hafi á öllum stigum fjallað um og farið með ofangreint málefni af fagmennsku og ávallt gætt hlutleysis, rétt eins og annað starfsfólk HNE í þessu máli sem öðrum. Framkvæmdastjóri hefur ávallt leitað ráðgjafar hjá viðeigandi stjórnvaldsstofnunum og umfjöllun, ákvarðanir og tilmæli hafa

tekið mið af því. Undirritaður lýsir yfir fullu trausti á störf framkvæmdastjóra sem og annara starfsmanna HNE.ö

Erindi Pacta lögmansstofu Pacta lögmansstofu til formanns heilbrigðisnefndar dags. 3. júní var tekið til efnislegrar umfjöllunar og formanni heilbrigðisnefndar falið að svara fyrir hönd nefndarinnar, eftir samráð við bæjarlögmann.

5. Erindi Pacta lögmansstofu til formanns heilbrigðisnefndar f.h. Jónasar Halldórs Jónassonar, Guðbjargar Lárusdóttur, Jónasar Halldórssonar, Anný Petru Larsdóttur og þrotabús Sveitahótelsins Sveinbjarnargerði dags. 19. júní s.l.

Formaður kynnti eftirfarandi tillögu bæjarlögmanns að bókun og heilbrigðisnefnd samþykkti tillöguna:

Í íslenskum rétti hefur verið litið svo á að það sé meginregla að aðili stjórnsýslumáls verði sjálfur að bera þann kostnað sem hann hefur haft af rekstri máls fyrir stjórnvöldum og þar með talið kostnað við að afla sér ráðgjafar eða af því að fá sér lögmann við meðferð máls hjá stjórnvöldum. Almennt er því ekki gert ráð fyrir því að stjórnvald greiði kostnað við rekstur aðila máls fyrir kær- og úrskurðarnefndum, nema sérstök lagaheimild komi til sbr. álit umboðsmanns Alþingis nr. 5073/2007.

Í einstaka lögum er kveðið á um að kær- og úrskurðarnefnd geti ákvarðað kostnað við að hafa uppi kær, s.s. í 3. mgr. 97. gr. laga um opinber innkaup, 17. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, 11. gr. laga um framkvæmd eignarnáms og 3. mgr. 52. gr. barnaverndarlaga.

Í 31. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 segir að rísi ágreiningur um framkvæmd laganna, reglugerða settra samkvæmt þeim eða heilbrigðissamþykta sveitarfélaga eða um ákvarðanir yfirvalda er heimilt að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Þá segir að um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kær til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Í lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 130/2011 er ekki kveðið á um heimild að nefndin geti ákvarðað kostnað við að hafa uppi kærna.

Með vísan til meginreglunnar að aðili stjórnsýslumáls verði sjálfur að bera þann kostnað sem hann hefur haft af rekstri máls fyrir stjórnvöldum, nema að kærnefnd sé heimilt að úrskurða um kostnað lögum samkvæmt, hafnar Heilbrigðiseftirlitið því að nefndinni verði gert að greiða kostnað við rekstur málsins.

Umsagnir:

1. Skipulags- og matslýsingar vegna breytingar aðalskipulags og nýs deiliskipulags fyrir heilsutengda ferðaþjónustu á Húsavíkurhöfða.
2. Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag. Bygging Svartárvirkjunar í Bárðardal, lýsing
3. Náma E-41 á Fljótshéiði, Þingeyjarsveit- beiðni um umsögn frá Skipulagsstofnun
4. Breyting á deiliskipulagi verslunar- og þjónustusvæðis við Dimmuborgir í Mývatnssveit. Tillaga.
5. Deiliskipulag svæðis umhverfis Goðafoss. Tillaga.
6. Vogar 1 Skútustaðahreppi. Deiliskipulag ferðaþjónustusvæðis og frístundabygðar. Auglýsing.

Þorkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti umsagnir undir lið 1,2,3,4,5 og 6 og kynnti gögn varðandi umrædd mál og fór yfir helstu atriði hvað varðar umhverfismál og ábendingar og kröfur heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og svaraði fyrirspurnum fundarmanna um einstök atriði.

Umsóknir um starfsleyfi:

1. Guðný Rut Bragadóttir, kt. 030679-5479, umsókn um starfsleyfi fyrir rekstri á snyrtistofu í íbúðarhúsnæði í Vættagili 16, 603 Akureyri. **Samþykkt til 5 ára sbr. undanþágu ráðuneytis vegna atvinnustarfsemi í heimahúsi, enda verði farið eftir þeim skilyrðum sem undanþága er bundin við.**
2. Awesomeness ehf, kt. 540214-0690, umsókn um starfsleyfi fyrir líkamsþjáfunarstofu (pole fitnes) í Fjölhnisgötu 6a, 603 Akureyri. **Afgreiðslu frestað.**
3. Listasafnið á Akureyri, kt. 410116-6229, umsókn um starfsleyfi fyrir listsýningar og menningarstarfsemi í Listasafnsbyggingunni, þ.e. Kaupvangsstræti 12 og Ketilshúsinu í Kaupvangsstræti 8, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
4. Uгла ehf, kt. 480208-1100, umsókn um starfsleyfi fyrir tjaldsvæði og inniaðstöðu (salur og eldhúskrókur) að Hrísum Eyjafjarðarsveit. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**
5. Norðurorka hf, kt. 550978-0169, umsókn um starfsleyfi fyrir söfnun hauggass frá aflögðum urðunarstað á Glerárdal, flutning, hreinsun og þjöppun metans og mannvirki sem því tilheyrir, þ.e. hauggaslagnir, hreinsistöð við Breiðholtsveg og þjöppustöð við Súluveg, ásamt metanafgreiðslustöð við Súluveg. **Samþykkt.**
6. Kjarnalundur ehf, kt. 541111-0330, umsókn um starfsleyfi fyrir rekstri á Hótel Kjarnalundi, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
7. Faabo ehf, kt. 490615-1210, umsókn um starfsleyfi fyrir rekstri á gistiheimili að Engimýri í Öxnadal, 601 Akureyri. **Samþykkt.**

8. H104 fasteignafélag ehf, kt. 410908-1150, umsókn um starfsleyfi fyrir gistiheimili á 2. og 3. hæð og íbúð á 4. hæð í Hafnarstræti 104, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
9. R353 ehf, kt. 510412-0360, umsókn um starfsleyfi fyrir veitingastað undir nafninu Kung Fu, Ráðhústorgi 3, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
10. Ektaréttir ehf, kt. 461100-2950, umsókn um starfsleyfi fyrir veitingastað undir nafninu Ektaréttir að Aðalgötu 2, Hauganesi, 621 Dalvík. **Samþykkt.**
11. Lónsbakki ehf, kt. 560315-0310, umsókn um starfsleyfi fyrir Gistiheimilið Lónsá, Hörgársveit, 601 Akureyri. **Samþykkt.**
12. Steypusögun Norðurlands ehf, kt. 490204-2530, umsókn um starfsleyfi vegna útleigu á íbúð á Víðivöllum 20, 01-0101, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
13. Hríseyjarbúðin ehf, kt. 410415-0970, umsókn um starfsleyfi fyrir rekstri á matvöruverslun ásamt veitingasölu að Norðurvegi 7-11, 630 Hrísey. **Samþykkt.**
14. Einar Örn Grant, kt. 081149-7399, umsókn um starfsleyfi vegna útleigu á sumarhúsi við Litla-Hvamm í Svalbarðsstrandarhreppi, 601 Akureyri. **Samþykkt.**
15. Kontorinn veitingahús ehf, kt. 600415-0690, umsókn um starfsleyfi fyrir veitingastað undir nafninu Kontorinn að Túngötu 1-3, 610 Grenivík. **Samþykkt.**
16. Andrés James Andrésón, kt. 200484-8009, umsókn um starfsleyfi vegna útleigu á íbúð að Ránargötu 18, 01-0201, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
17. Valtýr Þ. Hreiðarsson, kt. 100149-3709, umsókn um starfsleyfi vegna útleigu á þremur sumarhúsum við Sunnuhlíð, Svalbarðsstrandarhreppi, 601 Akureyri. **Samþykkt.**
18. Búmannsklukkan ehf, kt. 540592-2689, umsókn um starfsleyfi fyrir veitingastað undir nafninu Akureyri Fish að Skipagötu 12, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
19. EB Miðlun slf, kt. 510512-2430, umsókn um starfsleyfi vegna útleigu tveggja íbúða að Bjarmastíg 4, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
20. Stefán Tryggvason, kt. 240161-3709, umsókn um starfsleyfi fyrir útleigu á sumarhúsi að Merki í Fnjóskadal, 601 Akureyri. **Samþykkt.**
21. Svandís E. Stefánsdóttir, kt. 130758-2159, umsókn um starfsleyfi vegna heimagistingar að Miðholti 8, 603 Akureyri. **Samþykkt.**
22. Sandra Kristín Jóhannesdóttir, kt. 071286-2829, umsókn um starfsleyfi fyrir veitingastað undir nafninu Akkerið, Sjávargötu 2, 630 Hrísey. **Samþykkt.**
23. Förli ehf, kt. 560712-1110, umsókn um starfsleyfi vegna útleigu á íbúð á 4. hæð að Brekkugötu 3 (auðkenni 214-5409), 600 Akureyri, undir nafninu Accomodation Akureyri. **Samþykkt.**

24. Förli ehf, kt. 560712-1110, umsókn um starfsleyfi vegna útleigu á íbúða á 3. og 4. hæð að Ráðhústorgi 5 (auðkenni 214-9820 og 214-9821), 600 Akureyri undir nafninu Accomodation Akureyri. **Samþykkt.**
25. Aníta Þórarinsdóttir, kt. 080149-7519, Hlíðarenda, 641 Húsavík. Gististaður fl. I. Heimagisting. **Samþykkt.**
26. Ásrún Ásmundsdóttir, kt. 170891-3099, Baughóli 60, 640 Húsavík, Gisting að Grundargarði 13, Gististaður fl. II, íbúðargisting. **Samþykkt.**
27. Naustið ehf, kt. 430506-2420, Naustagarði 2, 640 Húsavík. Veitingastaður fl. III. Heiti: Naustið- Seafood restaurant. Endurnýjun og breyting. **Samþykkt.**
28. Fagrafell ehf, kt. 680613-0870. Gististaður fl. II. Heiti gististaðar Fagrafell Sleepingbag accommodation. **Samþykkt.**
29. Böðvar Baldursson, kt. 0901675619, Heiðargarði , Þingeyjarsveit. Gisting, gistiskáli fl, II. Heiti gististaðar Geitafell. **Samþykkt.**
30. Staðarhraun ehf. kt. 670115-1350, Staðarhóli, Þingeyjarsveit. Rekstrarleyfi/ gististaður fl V. Heiti gististaðar Staðarhóll gistihús. Endurnýjun og breyting. **Samþykkt.**
31. Sigurður Hlynur Snæbjörnsson, kt. 090469-5849, Öndólsstöðum Þingeyjarsveit Rekstrarleyfi heimagisting fl. I. Heiti gististaðar Öndólsstaðir farm B&B. **Samþykkt.**
32. Gistiheimili Húsavíkur ehf. kt. 710310-0410 viðbót við Hótel Húsavík. Gististaður fl. III . Heiti gististaðar Hótel Húsavíkur Höfði. **Samþykkt.**
33. Gistiheimili Húsavíkur ehf. kt. 710310-0410 íbúð að Höfða 20, íbúð 01-201 Húsavík. Gististaður fl.II. Heiti gististaðar Höfði 20. **Samþykkt.**
34. Fasteignafélagið Sólheimar sf. Kt. 570304-2590, Unnarbraut 30, 170 Seljtarnarnesi, gisting að Iðavöllum 6, Húsavík. Gististaður fl. II. Heiti gististaðar Sólheimar. **Samþykkt.**
35. Salbjörg Matthíasdóttir, kt. 230389-3309, Árdal, 671 Kópaskeri, heimagisting. Gististaður fl.II. Heiti gististaðar Árdalur heimagisting. **Samþykkt.**
36. Halldór Olgeirsson, kt. 020158-7519, Bjarnasstöðum, 671 Kópaskeri, svefnpökagisting í gistiskála. Gististaður fl. II. Heiti gististaðar Bjarnastaðir. **Samþykkt.**
37. Víðir Pétursson, kt. 171069-4679. Heimagisting að Hólavegi 4, 650 Laugar. Gististaður fl. I. Heiti gististaður Laugar heimagisting. **Samþykkt.**
38. Kaffiklettur ehf. kt. 520315-0980 Hafnarstræti 3, 600 Akureyri. Veðiheimilið Hof Mývatnssveit. Rekstrarleyfi, gististaður fl III Heiti gististaðar Veðiheimilið Hof. Nýr rekstraraðili. **Samþykkt.**

39. Flugleiðahótel ehf. kt. 621297-6949, Nauthólfsvegi 52, 101 Reykjavík. Hótel Edda Stórutjörnum. Rekstrarleyfi, gistist: fl. V. Heiti gististaðar Hótel Edda. Endurnýjun. **Samþykkt.**
40. Gerður Sigtryggsdóttir, kt. 020880-5299, Hólavegi 1, 650 Laugar. Heimagisting. Rekstrarleyfi, gististaður fl. I. Heiti gististaðar Natura Apartments. **Samþykkt.**
41. Sölkuveitingar ehf. kt. 661000-3090. Salka kaffihús Garðarsbraut 7 Húsavík. Endurnýjun og breyting. Rekstrarleyfi veitingastaður fl. II. Heiti veitingastaðar Salka kaffihús. **Samþykkt.**
42. Harpa Barkardóttir, kt. 060278-3779, Helgafelli, 601 Akureyri. Birkihraun 1 660 Mývatn, íbúð. Gististaður fl. II. Heiti gististaðar Birkihraun 1. **Umsókn dregin til baka.**
43. Steindór & Anna ehf. kt. 531106-0320. Mötuneyti í Kröfluvirkjun, endurnýjun og br. kennitala. **Samþykkt.**
44. Steindór & Anna ehf. kt. 531106-0320. Mötuneyti á Þeistareykjum, nýtt leyfi. **Samþykkt.**
45. LNS Saga ehf, kt. 701013-0340, Hlíðarsmára 4, 201 Kópavogi. Rekstur mötuneytis og vinnubúða á Þeistareykjum. **Samþykkt.**
46. Rúnar Traustason, kt. 301285-2999, Fossvöllum 22, 640 Húsavík. Heimagisting fl. II. Heiti gististaðar Fossvellir 22. **Samþykkt til 12 mánaða (ófullnægandi lofthæð).**
47. Húsavík Accommodation, kt. 620698-2109, Höfðavegi 4, 640 Húsavík. Gisting, 2 íbúðir að Garðarsbraut 7 Gististaður fl. II. Heiti gististaðar Húsavík Apartments Sólbakki. **Samþykkt.**
48. Krístrún Einarsdóttir, kt. 180781-5449, Iðavöllum 8, 640 Húsavík. A la carte Vagninn. Rekstur pylsuvagns á Hafnarstéttinni á Húsavík. Eigendaskipti. **Samþykkt.**
49. Klaufi ehf, kt. 610297-2189, Klaufabrekkum, Svarfaðardal, 621 Dalvík, umsókn um starfsleyfi fyrir rekstur á eggjabúi (3.500 hænsn). **Umsókn móttekin og ákveðið að setja umsókn og starfsleyfisskilyrði í auglýsingaferli fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.**
50. Grænegg ehf, kt. 600612-0690, Sveinbjarnargerði, Svalbarðsstrandarhreppi, 601 Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir rekstur á eggjabúi (7.500 hænsn). **Umsókn móttekin og ákveðið að setja umsókn og starfsleyfisskilyrði í auglýsingaferli fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.**
51. Lónsbakki ehf, kt. 560315-0310, umsókn um starfsleyfi fyrir tjaldsvæði fyrir allt að 200 manns að Lónsá, Hörgársveit. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**

Önnur mál:

Skýrt var frá tilkynningu sem barst HNE og Vinnueftirliti ríkisins frá Sjúkrahúsi Akureyrar s.l. mánudag um að 8 manns hafi slasast við stökk úr skæralyftu á dýnu í Akureyrarbæ um s.l. helgi. Tveir þeirra sem eru slasaðir hlutu beinbrot. Málið er til rannsóknar hjá lögreglu, Vinnueftirliti ríkisins og HNE. Fyrir liggur að viðkomandi ábyrgðaraðilar hafa ekki aflað sér samþykki frá Vinnueftirliti ríkisins og HNE. Rætt var um að leita nánara áhlits hjá læknum á bráðamóttöku um áhættu og afleiðingar þess að stökkva í frjálsum falli með þessum hætti. Sameiginleg skoðun lögreglu, Vinnueftirlits og heilbrigðiseftirlits á þeim búnaði sem var notaður fer fram á næstu dögum.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 16.40

Pétur Maack Þorsteinsson
formaður

Alfreð Schiöth

Þórarinn Þórisson

Þorkell Björnsson

Hólmfríður G. Jónsdóttir

Þórey Agnarsdóttir

Hafsteinn H. Gunnarsson

María Markúsdóttir

Kristín Halldórsdóttir